

NIÐURSTÖÐUR AÐALFUNDAR EIMSKIPAFÉLAGS ÍSLANDS HF.

HALDINN Í HÖFUÐSTÖÐVUM FÉLAGSINS

FIMMTUDAGINN 7. MARS 2024 KL. 15:00

Meðfylgjandi eru niðurstöður fundarins.

1. Skýrsla stjórnar félagsins um starfsemi þess á liðnu starfsári og staðfesting ársreiknings fyrir síðastliðið reikningsár (dagskrárliður 1 og 2)

Ársreikningurinn og skýrsla stjórnar voru samþykkt.

2. Ákvörðun um ráðstöfun hagnaðar á reikningsárinu 2023 (dagskrárliður 3)

Fyrir fundinum lá eftirfarandi tillaga stjórnar félagsins sem var samþykkt:

Fundurinn samþykkti að félagið greiði hluthöfum arð vegna reikningsársins 2023 sem nemur 22,53 krónum á hlut. Nemi heildarfjárhæð arðgreiðslunnar 3,70 milljörðum króna sem samsvarar um 45,9% af hagnaði ársins. Viðmiðunardagsetning arðgreiðslu verði við lok viðskipta á aðalfundardegi og arðleysisdagur því 8. mars 2024 og arðsréttardagur 11. mars 2024. Lagt er til að útborgunardagur verði þann 17. apríl 2024.

3. Tillaga um endurnýjun heimildar til kaupa á eigin hlutum skv. gr. 11.2 í samþykktum félagsins (dagskrárliður 4)

Fundurinn samþykkti tillögu stjórnar um að endurnýja heimildina til næstu 18 mánaða.

4. Tillaga um lækkingu hlutafjár vegna kaupa á eigin hlutum skv. endurkaupaáætlun og breytingu á samþykktum félagsins (dagskrárliður 5)

Fundurinn samþykkti tillögu stjórnar um lækkingu hlutafjár vegna kaupa á eigin hlutum skv. endurkaupaáætlun og breytingu á samþykktum félagsins.

5. Tillaga um breytingar á grein 8.2 í samþykktum félagsins (dagskrárliður 6)

Fundurinn samþykkti tillögu stjórnar um breytingu á grein 8.2. í samþykktum félagsins.

6. Tillaga um starfskjarastefnu félagsins (dagskrárliður 7)

Fundurinn samþykkti framlagða starfskjarastefnu stjórnar.

Gildandi starfskjarastefnu félagsins má nálgast á [vefsíðu aðalfundar 2024](#) og fjárfestasíðu félagsins.

7. Kosning stjórnar félagsins (dagskrárliður 8)

Fundurinn kaus eftirfarandi einstaklinga í stjórn félagsins:

Guðrún Blöndal
Lárus L. Blöndal
Margrét Guðmundsdóttir
Ólöf Hildur Pálsdóttir
Óskar Magnússon

Fundurinn kaus eftirfarandi einstaklinga í varastjórn félagsins:

Baldvin Þorsteinsson
Jóhanna á Bergi

8. Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna, varamanna og undirnefnda stjórnar (dagskrárliður 9)

Fundurinn samþykkti tillögu stjórnar um þóknun til stjórnarmanna, varamanna og undirnefnda stjórnar, sem verða því sem hér segir:

Stjórnarformaður	kr. 700.000 á mánuði
Varaformaður	kr. 570.000 á mánuði
Meðstjórnendur	kr. 380.000 á mánuði
Varamenn	kr. 140.000 fyrir hvern setinn fund, þó ekki hærra en kr. 380.000 fyrir hvern mánuð
Nefndarmenn í endurskoðunarnefnd	kr. 140.000 á mánuði
Nefndarmenn í starfskjaranefnd	kr. 140.000 á mánuði
Nefndarmenn í Tilnefningarnefnd	kr. 140.000 á mánuði

Stjórnarlaun og laun nefndarmanna eru ákveðin fyrirfram fyrir kjörtímabilið.

9. Kosning endurskoðenda (dagskrárliður 10)

PricewaterhouseCoopers ehf., Skógarhlíð 12, 105 Reykjavík, var kjörið endurskoðunarfélag Eimskipafélags Íslands hf. fyrir árið 2024.

10. Tillaga um utanaðkomandi nefndarmann í endurskoðunarnefnd (dagskrárliður 11)

Fundurinn samþykkti tillögu stjórnar um tilnefningu utanaðkomandi nefndarmanns í endurskoðunarnefnd félagsins.

Stjórn félagsins hittist í kjölfar aðalfundarins og skipti með sér verkum.

Óskar Magnússon var kosinn stjórnarformaður og Margrét Guðmundsdóttir var kosin varaformaður stjórnar.